

Fundargerð 102. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 3. mars 2025, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Áhersluverkefni landshluta**
- 2. Sóknaráætlanir landshluta 2025-2029**
- 3. Önnur mál**

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Dagný Arnarsdóttir (URN), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Guðjón Björn Guðbjartsson (FOR), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Sigurður Steingrímsson (HVIN), Valgerður Rún Benediksdóttir (sambandinu), Þór Hauksson Reykdal (MRN), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður Elín Þórðardóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN) og Albertína F. Elíasdóttir (SSNE).

Formaður setti fundinn. Áður en gegnið var til boðaðrar dagskrár greindi formaður frá því að Ásta Bjarnadóttir fulltrúi FOR, væri horfin til annarra starfa og Guðjón Björn Guðbjartsson tæki hennar sæti. Var hann boðinn velkominn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni landshluta

Eitt af verkefnum stýrihópsins skv. erindisbréfi er að staðfesta áhersluverkefni landshluta. Fyrir fundinn höfðu fulltrúar fengið til yfirlestrar áhersluverkefni frá landshlutasamtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), Vesturlandi (SSV), Austurlandi (SSA) og höfuðborgarsvæðinu (SSH) og er sá háttur hafður á að fulltrúar ráðuneyta skoði sérstaklega vel þau verkefni sem tilheyra ábyrgðarsviði þeirra og eftir atvikum að upplýsa sitt samstarfsfólk um þau.

Fyrir fundinn lágu til staðfestingar samtals 29 áhersluverkefni, átta frá SSH, þrjú frá SSV, eitt frá SSA og 17 frá SSNV. Góð umræða var um verkefni sem öll voru staðfest af hálfu stýrihópsins með ábendingum. Einnig lágu fyrir fundinum kynningar á sex eldri áhersluverkefnum frá SSA sem hófust 2020 með verkefningstíma til 2029 og á einu verkefni frá SSV sem hófst 2021 en því lýkur árslok 2025.

2. Sóknaráætlanir landshluta 2025-2029

Skv. erindisbréfi stýrihópsins staðfestir hann sóknaráætlanir landshluta. Nýir sóknaráætlunarsamningar voru undirritaðir í lok janúar sl. og sex af átta landshlutasamtökum sveitarfélaga hafa lokið vinnu við og samþykkt sínar sóknaráætlanir sem ná yfir tímabilið 2025-2029. Fyrir fundinn liggur að staðfesta sex sóknaráætlanir frá Vesturlandi, Austurlandi, Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og höfuðborgarsvæðinu. Allar sóknaráætlarnar voru staðfestar án athugasemda.

3. Önnur mál

Formaður sagði í stuttu máli frá vel heppnaðri heimsókn þriggja fulltrúa í stýrihópnum (IRN, MVF og URN) ásamt tveimur starfsmönnum Byggðastofnunar til SSNV á Hvammstanga. Heimsóknin var liður í árlegum

fundum stýrihópsins með landshlutasamtökum sveitarfélaga. Tveir fundir eru eftir, með SSH í Kópavogi en fundað verður með SASS á TEAMS.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:09.